

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. apríl 2014


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum, þskj. 633 – 338. mál

Vísað er til frumvarps til laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum sem lagt var fyrir Alþingi þann 20. febrúar 2014, sbr. þingskjal nr. 633. Félag atvinnurekenda (FA) fagnar umræddu frumvarpi og telur ljóst að það muni leiða af sér aukna skilvirkni á íslenskum markaði sem og styrkja stöðu lítilla fyrirtækja sem hafa þurft að sætta sig við of langan greiðsludrátt stórra kaupenda, þeim til mikils tjóns.

FA telur löngu orðið tímabært að herða á reglum í tengslum við greiðslufresti hins opinbera þegar ríkið stundar viðskipti við einkaaðila. Ríkið er almennt mjög stór kaupandi að bæði vörum og þjónustu og geta fyrirtæki orðið fyrir miklu tjóni þegar svo slíkur aðili greiðir ekki á réttum tíma. Fagnar því FA viðleitni löggjafans til að sporna við því tjóni sem hlotist getur af slíkri háttsemi.

Almennt sendir FA ekki inn umsagnir um frumvörp sem það leggur ekki til breytingar á en í þessu tilfalli telur FA rétt að skila inn umsögn til hvatningar þess að frumvarpið nái fram að ganga í óbreyttri mynd. FA mælir með því að umrætt frumvarp verði **samþykkt** og jafnframt áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,


Björg Ásta Þórðardóttir, lögfræðingur